

## FUNDARGERÐ

Árið 2019, miðvikudaginn 30. janúar kl. 10:00, kom nýskipuð ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Hljóðbergi í Hannesarholti, Grundarstíg 10 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir, formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Daníel Jakobsson, Margrét Þórarinsdóttir, Karen E. Halldórsdóttir og Stefán Vagn Stefánsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aron Gústavssyni, Hrafnkeli Hjörleifssyni sem ritaði fundargerð og Tinnu Dahl Christiansen.

Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri, Sigtryggur Magnason aðstoðarmaður ráðherra og Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri voru gestir nefndarinnar í hádeginu. Ráðherra ávarpaði nefndina og kom fram í máli hans að starfshópur hefði nýverið hafið vinnu við mótun stefnu fyrir sveitarstjórnarstigið. Meðal viðfangsefna væri að taka afstöðu til þess hver þyrfti að vera lágmarksstærð sveitarfélaga svo þau væru betur í stakk búin til að takast á við þau verkefni sem þeim eru falin. Horft verði til umbótaverkefna sem unnið hefur verið að síðustu misserin en mikilvægar umbótatillögur sé að finna bæði í skýrslu nefndar um stöðu og framtíð sveitarstjórnarstigsins og skýrslu starfshóps sem vann að heildarendurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs. Þá kom fram í máli ráðherra að jafnframt sé unnið í nefndum að málum er varða hlutverk landshlutasamtaka sveitarfélaga og um fjármálakafla sveitarstjórnarlaga.

Að lokum gat ráðherra þess að unnið sé að mótun nýrra reglna Jöfnunarsjóðs varðandi aðkomu sjóðsins að stuðningi við sameiningar sveitarfélaga og hafi hann lagt á það áherslu að stuðningur sjóðsins við sameiningar verði aukin til muna.

Guðný Sverrisdóttir formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

Áður en hefðbundin dagskrá hófst var kynning á hlutverki sjóðsins á grundvelli laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingu. Hlutverk sjóðsins er annars vegar að jafna mismunandi útgjaldaþarfir og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum og hins vegar greiðsla framlaga til samtaka sveitarfélaga, stofnanna þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

Gerð var grein fyrir ráðstöfun tekna sjóðsins og farið var yfir regluverk helstu jöfnunarframlaga sjóðsins.

### 1. Fundargerð 19. desember 2018

Lögð var fram fundargerð frá 19. desember 2018 til umfjöllunar og afgreiðslu.

*Fundargerð frá 19. desember 2018 var samþykkt án athugasemda og undirrituð.*

### 2. Vatnsveituframkvæmdir á lögbýlum

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Matvælastofnunar, dags. 11. desember 2018, vegna framlaga úr Jöfnunarsjóði til vatnsveita á lögbýlum árið 2018, ásamt þar að lútandi minnisblaði.

Á grundvelli c-liðar 7. gr. reglugerðar, nr. 180/2016, greiðir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga framlög vegna framkvæmda við vatnsveitur á lögbýlum, sbr. reglugerð nr. 180/2016. Heildarfjárhæð

framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga samkvæmt reglugerð skal ekki fara yfir 25 m.kr. á hverju ári og hámarksframlag vegna einstakra framkvæmda má nema allt að 44% af stofnkostnaði.

Að teknu tilliti til áðurnefndra hámarksframlaga nemur umbeðinn kostnaðarþátttaka vegna ársins 2018 17,3 m.kr.

*Nefndin samþykkti að tillaga Matvælastofnunar um úthlutun framlags samtals að fjárhæð 17.256.809 kr. væri tekin til greina.*

### 3. Erindi frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti

#### **Beiðni um framlög til landshlutasamtakanna vegna nýrra samninga um sóknaráætlanir 2020 - 2024**

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi landshlutasamtaka sveitarfélaga, dags. 29. janúar 2019, vegna umsóknar um framlög vegna vinnu við mótun nýrra sóknaráætlana landshluta, ásamt þar að lútandi minnisblaði.

Sóknaráætlanir landshluta eru lögbundnar með lögum nr. 69/2015 um byggðaáætlun og sóknaráætlanir landshluta og landshlutasamtökum sveitarfélaga falið að vinna sóknaráætlun á sínu starfssvæði og bera ábyrgð á framkvæmd hennar.

Í erindinu kemur fram að framundan sé vinna við gerð nýrra samninga milli ríkis og landshlutasamtaka sveitarfélaga um sóknaráætlanir landshluta, en núverandi samningar gilda út árið 2019. Ljóst er að þetta kallar á umtalsverða vinnu og kostnað, þ.m.t. fjöldi samráðsfunda og aðkeypta ráðgjöf. Því er sótt um viðbótarstuðning að fjárhæð 40 m.kr. til viðbótar því framlagi sem Jöfnunarsjóður hefur lagt til landshlutasamtakanna undanfarin ár.

*Nefndin samþykkti að leggja til að erindið verði samþykkt og að framlagið geti numið allt að 40 m.kr. vegna mótunar nýrra sóknaráætlana en að skilyrði fyrir greiðslu sé að landshlutasamtök skili inn greinargerðum um það starf sem fram hafi farið ásamt yfirliti yfir kostnað.*

### 4. Sameiningar sveitarfélaga

#### **Aukinn stuðningur – nýjar reglur**

Lagt var fram til kynningar minnisblað, dags. 28. janúar 2019, um mögulegar breytingar á reglum varðandi fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs við sameiningu sveitarfélaga.

Ef auka á fjárhagslegan stuðning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga við sameiningar sveitarfélaga þarf að gera breytingar á reglum nr. 295/2003 um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. Farið var yfir í hverju þær breytingar gætu falist.

### 5. Erindi frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti

#### **Stefnumótandi áætlun ríkisins um málefni sveitarfélaga**

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, dags. 3. janúar 2019, þar sem lagt er til að Jöfnunarsjóður leggi til allt að 15 m.kr. til vinnu við stefnumótandi áætlunar í málefnum sveitarfélaga.

Um nýliðin áramót gaf samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra út nýja reglugerð um stefnumótandi áætlun ríkisins um málefni sveitarfélaga. Stefnumótun ríkisins á þessu sviði er nýmæli og felur í sér að gerð verður langtímaáætlun í formi þingsályktunartillögu í takt við aðra stefnumótun og áætlanagerð á verksviði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, þ.e. samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun og byggðaáætlun. Í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar hefur ráðherra skipað fjögurra manna starfshóp sem hefur það hlutverk að gera tillögur til ráðherra að slíkri áætlun. Jafnframt er að störfum nefnd varðandi hlutverk landshlutasamtaka sveitarfélaga. Sótt er um framlag vegna vinnu þessara tveggja nefnda að fjárhæð 15 m.kr. eins og að ofan greinir.

*Nefndin samþykkti framlag að fjárhæð 15 m.kr. og að framlagið verði tekið af liðnum sérstök verkefni með vísan til 12. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 1088/2018.*

## 6. Talmeinaþjónusta

### Tillaga um að talmeinaþjónusta verði skilgreind sem skólaþjónusta

Lögð var fram til kynningar tillaga samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga um skýra verk- og ábyrgðarskiptingu í opinberri stjórnsýslu, dags. 16. janúar 2019, ásamt þar að lútandi minnisblaði.

Samráðsnefndin hefur gert tillögu um að talmeinaþjónusta verði skilgreind sem hluti af skólaþjónustu í skilningi laga um leik- og grunnskóla. Skólaskrifstofum sveitarfélaga verði falin ábyrgð á skipulagningu þjónustunnar og gert er ráð fyrir að fjármögnun þjónustunnar verði tryggð með samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um verk og kostnaðarskiptingu. Jafnframt er gert ráð fyrir að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fái fjárveitingu til þess að veita skólaskrifstofum framlög vegna talmeinaþjónustu. Tillagan er sem stendur í umsagnarferli.

## 7. Ný reglugerð um Jöfnunarsjóð

Lögð var fram til kynningar ný reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga frá 28. nóvember 2018. Farið var yfir helstu breytingar sem urðu með nýrri reglugerð og ber þar helst að nefna breytingar á útreikningi útgjalda jöfnunarframlags (14. gr. reglugerðar). Breytingarnar höfðu verið kynntar nefndinni áður.

## YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐS FÓLKIS

## 8. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

### Ársreikningur 2017

Lagður var fram til kynningar ársreikningur Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna ársins 2017 ásamt þar að lútandi minnisblaði.

Tekjuafgangur sjóðsins á árinu nam 515,7 m.kr., eignir hans námu 3.974,6 m.kr. og eigið fé var 3.961,5 m.kr.

## 9. Óhagstæðir langtímaleigusamningar

### Framlög ársins 2019

Lögð voru fram til kynningar drög að útreikningum framlaga 2019 vegna jöfnunar langtímaleigusamninga sem ríkið gerði við Brynju hússjóð og fleiri aðila áður en málefni fatlaðs fólks voru flutt til ríki og sveitarfélaga, ásamt þar að lútandi minnisblaði.

*Nefndin samþykkti að gera tillögu til ráðherra um framlög á árinu 2019 til sveitarfélaga/þjónustusvæða með óhagstæða langtímaleigusamninga að fjárhæð 86,3 m.kr. Jafnframt var samþykkt að fjárhæðin verði tekin úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.*

## 10. Viðbótarframlög 2018

### Uppgjörsgreiðsla

Lagðir voru fram útreikningar á sérstöku viðbótarframlagi vegna ársins 2018 vegna þjónustu við fatlað fólk, ásamt þar að lútandi minnisblaði.

Á grundvelli 2. gr. reglugerðar nr. 230/2018 um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2018 er heimilt að veita sérstök viðbótarframlög til þjónustusvæða ef um verulega íþyngjandi kostnað er að ræða við rekstur málaflokksins. Þessi framlög hafa verið veitt frá árinu 2014 og hafa þau bæði tekið tillit til lækkunar á framlögum til þjónustusvæða milli ára og til hallareksturs á þjónustusvæðum.

Þær breytingar urðu milli reglugerða 635/2017 og 230/2018 um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk, að lægsti heili flokkur sem greitt er með hækkaði úr 4. flokki samræms mats á þjónustupörf (SIS mat) í 5. flokk (a-liður II hluta 3.gr.). Greiðslur til þjónustusvæða tóku breytingum sökum þessa og á fundi sínum 25. apríl 2018 samþykkti ráðgjafarnefnd tillögu að úthlutun sérstaks viðbótarframlags til að koma til móts við þessar breytingar. Var samþykkt að framlagið gæti numið allt að 200 m.kr. og hafa 170 m.kr. þegar komið til útgreiðslu. Tillagan byggði á 2. áætlun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk.

Nýir útreikningar byggja á endanlegri áætlun 2018 og reiknast neikvæð fjárhagsleg áhrif áðurnefndra breytingar nú 162 m.kr. í stað 202 m.kr. áður. Breytingarnar má að nær öllu leyti rekja til fækkunar í hópi einstaklinga í 4. flokki SIS mats og er sú fækkun að miklu leyti til komin vegna endurmats einstaklinga

*Nefndin samþykkti að leggja til við ráðherra að uppgjör viðbótarframlaga yrði í samræmi við framlagða útreikninga. Lagt er til að ofgreiðslur verði gerðar upp í gegnum greiðslur vegna almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk.*

## 11. Almenn framlög vegna málefna fatlaðs fólks 2018

### Tillaga að endanlegum framlögum ársins 2018

Lögð var fram áætlun til umfjöllunar og afgreiðslu um almenn framlög vegna þjónustu við fatlað fólk árið 2018, ásamt þar að lútandi minnisblaði.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs samþykkti á fundi sínum 29. nóvember 2018 tillögu að endanlegri áætlun almennra framlaga vegna málefna fatlaðs fólks árið 2018 að fjárhæð 14.970.000.000 kr. Var tillagan sú þriðja á því ári sem samþykkt var og gefin út opinberlega.

Þar sem uppfærðar kostnaðartölur liggja fyrir er lagt til að gefin verði út ný áætlun. Allar breytingar eru vegna uppfærðra kostnaðartala einstaklinga án SIS mats.

*Nefndin samþykkti að leggja til við ráðherra útgáfu nýrrar áætlunar vegna þjónustu við fatlað fólk árið 2018 enda byggir áætlunin á uppfærðum kostnaðartölum og endurspeglar þar með betur þá þjónustu sem veitt er.*

## **12. Samningur Vinnumálastofnunar vegna atvinnu með stuðningi (AMS)**

### **Endurnýjaður samningur við Vinnumálastofnun**

Lagt var fram til kynningar samkomulag um millifærslu fjármuna vegna atvinnumála fatlaðs fólks, dags. 10. desember 2018, ásamt þar að lútandi minnisblaði.

Á grundvelli samningsins greiðir Jöfnunarsjóður 114 m.kr. til Vinnumálastofnunar árið 2019.

## **13. Reglugerð vegna framlaga ársins 2019**

Lögð var fram til kynningar ný reglugerð um málefni fatlaðs fólks á árinu 2019, ásamt þar að lútandi minnisblaði.

Helstu breytingar urðu á II hluta 3. gr. reglugerðarinnar um mælingu á útgjaldaþörf. Þær breytingar hafa verið kynntar áður. Þá er við úthlutun NPA framlaga gert ráð fyrir að sjóðnum berist 1% viðbótargreiðsla til að standa straum af kostnaði vegna langtímaforfalla aðstoðarfólks.

## **14. Umræðu og upplýsingafundur um NPA**

### **Umsókn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga**

Lögð var fram umsókn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um styrk til þess að standa straum af kostnaði við umræðu- og upplýsingafund um NPA, dags. 29. janúar 2019. Sótt er um styrk að fjárhæð 492.000 kr.

*Nefndin samþykkti að greiða helming umbeðinnar fjárhæðar. Jafnframt var ákveðið að allar styrkbeiðnir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þurfi framvegis að berast frá stjórn Sambandsins.*

## **15. Önnur mál**

Næstu fundir voru ákveðnir 15. febrúar kl. 12:00, 28. mars kl. 12:00 og 26. apríl kl. 12.

Fundi slitið kl. 15:30.

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Ásta Stefánsdóttir

---

Birgir Björn Sigurjónsson

---

Daníel Jakobsson

---

Karen E. Halldórsdóttir

---

Margrét Þórarinsdóttir

---

Stefán Vagn Stefánsson